# Þeistareykir Þingeyjarsveit

***Úttektarskýrsla minjavarðar***

Sædís Gunnarsdóttir

2024

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland



*Höfundur*
*Sædís Gunnarsdóttir*

*Ljósmynd á forsíðu*
Framkvæmdasvæðið

© 2024
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

**1. Aðdragandi vettvangsferðar ........................................................4**

**2. Niðurstöður...........................................................................................4**

**3. Heimildaskrá .........................................................................................4**

## Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
*3302*

Tilgangur úttektar:
*Kanna hvort minjar eru á framkvæmdasvæðinu*

Staðsetning:
*Þeistareykir*

Dagsetning vettvangsferðar:
*25. júní 2024*

# 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar vegna áætlana Landsvirkjunar um bora svonefnda hitastigulsholu sunnan Bæjarfjalls auk þess að gera slóð og borplan.

Árið 2021 var unnin skýrsla af Fornleifastofnun Íslands sem heitir: *Fornleifar á Þeistareykjum: Samantekt um þekktar fornleifar*. Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson Reykjavík 2021. Fs835-20491. Þar voru tekin saman gögn úr eldri skráningarverkefnum og uppmælingar Fornleifaverndar felldar saman við eldri hnitagögn á svæðinu. Samhliða samantektinni var farið yfir loftmyndir af svæðinu í leit að áður óþekktum minjum og gerð tilraun til að teikna upp slíkar minja og yfirfæra eldri teikningar inn í landshnitakerfi. Engin fornleifaskráning var unnin á vettvangi í þeirri vinnu.

Þann 25 júní kynnti minjavörður sér fyrirliggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deiliskipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

# 2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar fundust innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta þar.. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

> Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

# 3. Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson *Fornleifar á Þeistareykjum: Samantekt um þekktar fornleifar*. Reykjavík 2021. Fs835-20491.